

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 3. febrúar 2023
UST202301-329/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 - Úthlíð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir Úthlíð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að verslunar- og þjónustusvæði VP15 stækkar til austurs úr 21 ha í 27 ha og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Auk þess kemur fram að hluta verslunar- og þjónustusvæðisins VP15 meðfram vegi að Úthlíð verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF 36) þar sem heimild verður fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Stærð þess svæðis er u.þ.b. 5 ha.

Í greinargerð kemur fram að í kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) á náttúruyfyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar þá er umrætt svæði í jaðri Lambahrauns. Hraunið er 4000 ára en hraunið er ekki sýnilegt á yfirborði.

Umhverfisviðmið

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹ eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa.

Umhverfisstofnun bendir þess vegna á mikilvægi þess að eftirfarandi þættir komi fram í umhverfismatsskýrslu tillögunnar:

Lambahraun;

Í umhverfisskýrslu er lagður fram umhverfisþátturinn *jarðmyndanir* og matsspurningin *hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir?* Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram undir umhverfisviðmiðum hver stefna aðalskipulagsins er varðandi jarðmyndanir.

Óljóst er að mati stofnunarinnar hvort að fyrirhuguð breyting nái til Lambahrauns. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það kom fram að samkvæmt kortlagningu NÍ fellur Lambahraun undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hins vegar er mikilvægt að umhverfisviðmið og matsspurningar taki mið af náttúruverndarlögum þar sem áherslan sé á 61. gr. laganna.

¹ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Landslag;

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á landbúnaðarlandi og óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Auk þess er mikilvægt að umhverfisviðmið og matsspurningar taki mið af 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en hún segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

Gróður, búsvæði og alþjóðlegir samningar;

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem eru með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar. Í greinargerð kemur fram að snarrótarvist og starungsmýrarvist finnast hér og þar í nágrenninu.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Einnig er mikilvægt að umhverfisviðmið og matsspurningar taki mið af náttúruverndarlögum og alþjóðlegum samningum.

Mengun og fráveita;

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Í stefnu aðalskipulags segir að öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, ætti frekar að nota orðið fráveita eða hreinsivirki í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur